



Byggðastofnun

Próunarsvið

Alþingi
Erindi nr. P 138/1478
komudagur 29.3.2010

Dagsetning
29.03.2010

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (byggðakvóti, ráðstöfun aflaheimilda), mál, mál 424.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti.

Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Frumvarpið fjallar annars vegar um byggðakvóta og reglur varðandi meðferð hans, en hins vegar um heimild ráðherra til að koma í veg fyrir framsal eða ráðstöfun aflaheimilda, þegar fyrirtæki með umtalsverðan hluta af aflaheimildum í sveitarfélagi eða byggðarlagi eru í miklum greiðsluvanda.

Byggðastofnun telur að í a-lið 1. gr. laganna þurfi að kveðið nánar á um heimild ráðherra líkt og gert er í athugasemdum við greinina. Í b-lið 1. gr. er heimild til að flytja aflaheimildir milli fiskveiðiára og gerir stofnunin ekki athugasemdir við að ráðherra hafi þá heimild.

Í 2. gr. laganna er heimild til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til þess að hindra að verulegar aflaheimildir, sem einstakar útgerðir hafa til ráðstöfunar verði framseldar eða ráðstafað með öðrum hætti út fyrir byggðarlagið. Byggðastofnun telur að í lagagreininni þurfi að koma fram með skýrari hætti hvaða skilyrði þurfi að vera fyrir hendi og um takmarkanir á heimild ráðherra. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að rétt þyki að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið leiti áhlits Byggðastofnunar og viðkomandi sveitarfélags við framkvæmd ákvæðisins. Byggðastofnun telur að kveða eigi á um þetta í lagagreininni sjálfri.

Virðingarfyllst

Guðmundur Guðmundsson